



Fjarðabyggð
Hafnargötu 2
730 Reyðarfirði

Dagsetning 23. apríl 2024
Málsnúmer MRN24030018

Vegna fyrirhugaðra skipulagsbreytinga á skólastarfi í Fjarðabyggð.

I.

Vísað er til fyrri bréfaskipta mennta- og barnamálaráðuneytis og Fjarðabyggðar um erindi Kennarasambands Íslands (hér eftir KÍ), dags. 4. mars 2024, vegna breytinga á skipulagi skólastarfs í sveitarfélaginu.

Eins og kemur fram í hjálögðu bréfi til KÍ er það afstaða mennta- og barnamálaráðuneytisins að fyrirkomulagið, sem Fjarðabyggð hefur kynnt á rekstri leik-, grunn- og tónlistarskóla í sveitarfélaginu, stangist ekki á við gildandi lög. Aftur á móti, eins og fjallað er um í erindi KÍ til ráðuneytisins, gera gildandi lög og reglugerðir ákveðna kröfu til undanfara slíkra breytinga, sérstaklega þegar kemur að samráði við starfsfólk skóla og skólasamfélagið í heild.

II.

Í því sambandi vill ráðuneytið í upphafi að það komi fram að eitt af grundvallarmarkmiðum skólastarfs er að tryggja börnum og ungmennum farsæld, vellíðan og öryggi svo þau geti notið skólalífis sinnar. Við alla ákvarðanatöku sveitarfélaga, þar á meðal þegar kemur að rekstri og framkvæmd skólastarfs, skal hafa hagsmuni barna að leiðarljósi. Er í því sambandi minnt á 12. gr. barnasáttmálans og 1. mgr. 13. gr. laga um grunnskóla, nr. 91/2008, þar sem segir m.a. að börn eiga rétt á að tjá sig um mál sem þau varða og skal tekið réttmætt tillit til skoðana þeirra í samræmi við aldur þeirra og þroska. Þá er rétt að benda á hlutverk foreldra þegar kemur að hagsmunum barna en skv. 2. mgr. 3. gr. laga um grunnskóla og 1. mgr. 9. gr. laga um leikskóla, nr. 90/2008, gæta foreldrar hagsmuna barna sinna í leik- og grunnskóla. Mikilvægt er að halda til haga að markmið þessara reglna er að tryggja samráð við hagsmunaaðila og að fyrir þeim sem taka ákvarðanir liggi upplýsingar um afstöðu og sjónarmið hagsmunaaðila svo taka megi tillit til þeirra eins og unnt er hverju sinni.

Lög hafa í einhverjum tilvikum að geyma ákveðnar reglur sem eiga að stuðla að því að upplýsingar um mismunandi hagsmuni, þ.m.t. það sem er börnum fyrir bestu, liggi fyrir þeim sem taka ákvarðanir. Í 8. gr. laga um grunnskóla er kveðið á um stofnun skólaráðs sem er samráðsvettvangur skólastjóra og skólasamfélagsins um skólahald, en þar sitja m.a. fulltrúar foreldra, starfsfólks og nemenda og grenndarsamfélags skólanna. Í 1. mgr. 8. gr. laganna segir m.a. að skólaráð skuli fá til umsagnar áætlanir um fyrirhugaðar meiri háttar breytingar á skólahaldi og starfsemi skóla áður en endanleg ákvörðun um þær er tekin. Þá segir í 2. mgr. 11. gr. laga um leikskóla að foreldraráðið hafi umsagnarrétt um allar meiri háttar breytingar á leikskólastarfi. Um er að ræða ófrávíkjanlegar reglur sem gilda um áætlanir um fyrirhugaðar breytingar óháð því hversu mikið samráð hefur verið haft við undirbúning áætlanna að öðru leyti.

Í umsögn Fjarðabyggðar til mennta- og barnamálaráðuneytis, dags. 15. mars sl., kemur fram sú afstaða sveitarfélagsins að breytingarnar, sem sveitarfélagið kynnti á skólastarfi sínu, teljist almennt minniháttar og hafi ekki valdið því að lögbundin skylda myndaðist til þess að kynna þær breytingar fyrir skólaráðum grunnskóla og foreldraráðum leikskóla.

Af þeim upplýsingum sem liggja fyrir í mennta- og barnamálaráðuneyti má ráða að breytingarnar, sem kynntar hafa verið sem nýtt fyrirkomulag fræðslumála í Fjarðabyggð, feli í sér grundvallarbreytingu á stjórnun og samstarfi milli leik-, grunn- og tónlistarskóla í sveitarfélaginu. Leggur ráðuneytið áherslu á að umfang breytinga á skólastarfi að þessu leyti verður ekki metið eingöngu í stöðugildum heldur verður að líta til heildarsamhengis. Þegar lítið er til breytinganna m.a. út frá hugmyndum um samstarf og samlegð í rekstri telur mennta- og barnamálaráðuneyti að um hafi verið að ræða meiri háttar breytingar á skólalaldi Fjarðabyggðar. Leiddi því af 1. mgr. 8. gr. laga um grunnskóla að skylt var að óska umsagnar skólaráða þeirra grunnskóla sem breytingarnar höfðu áhrif á, áður en endanleg ákvörðun var tekin. Leiddi jafnframt af 2. mgr. 11. gr. laga um leikskóla að foreldraráð leikskóla, sem breytingarnar höfðu áhrif á, höfðu umsagnarrétt um breytingarnar.

Í ljósi skýrrar skyldu 1. mgr. 8. gr. laga um grunnskóla og 2. mgr. 11. gr. laga um leikskóla um að umsögn skólaráða grunnskóla og foreldraráða leikskóla liggja fyrir áður en ákvörðun um breytingar er tekin er það afstaða mennta- og barnamálaráðuneytisins að aðdragandi ákvörðunar um breytingar á skólalaldi í Fjarðabyggð hafi ekki verið í samræmi við lög.

Þar sem umræddar breytingar hafa ekki komið til framkvæmda leggur mennta- og barnamálaráðuneytið fyrir Fjarðabyggð að bæta úr þessum annmarka á meðferð málsins með því að taka málið til nýrrar meðferðar í sveitarstjórn að fengnum umsögnum frá skólaráðum grunnskólanna og foreldraráðum leikskólanna sem breytingarnar varða. Í því sambandi og vegna athugasemda KÍ er bent á mikilvægi aðkomu skólastjórnenda að þessu lögbundna samráði, en samkvæmt 2. mgr. 8. gr. laga um grunnskóla stýrir skólastjóri starfi skólaráða og samkvæmt 1. mgr. 11. gr. laga um leikskóla starfar leikskólastjóri með viðkomandi foreldraráði.

III.


Í hjálögðu bréfi ráðuneytisins til KÍ er jafnframt fjallað um ábyrgð sveitarfélaga á starfsemi og rekstri leik-, grunn- og tónlistarskóla sem sveitarfélög starfrækja. Kemur þar m.a. fram að sveitarstjórn hafi almennt vald til að taka ákvarðanir sem fela í sér fyrirmæli til skólastjóra um hvernig þeir skuli haga ákveðnum þáttum í stjórnun viðkomandi skóla sem geti m.a. átt við um almennar ákvarðanir um starfsheiti og störf starfsfólk skóla. Í lögum um grunnskóla, og að nokkru leyti í lögum um leikskóla, er fjallað um lögbundið starfssvið skólastjóra grunnskóla og leikskólastjóra. Þar er meðal annars kveðið á um vald skólastjóra til að ákveða verksvið annarra stjórnenda skólans. Ráðuneytið leggur ríka áherslu á að við áframhaldandi vinnslu málsins sé gætt að þessum ákvæðum og að eingöngu sá aðili sem er til þess bær taki ákvarðanir um starfssambönd starfsfólks skóla í sveitarfélaginu.

Að öðru leyti er áréttað að hlutverk mennta- og barnamálaráðuneytis gagnvart leik-, grunn- og tónlistarskólum felur ekki í sér yfirstjórn og eftirlit með framkvæmd kjarasamninga KÍ og sveitarfélaga. Þá hefur mennta- og barnamálaráðuneyti ekki almennt eftirlit með ákvörðunum sveitarfélaga í starfsmannámum.

IV.

Eins og að framan greinir hefur ráðuneytið lagt fyrir sveitarfélagið Fjarðabyggð að bæta úr annmarka á meðferð málsins. Er þess óskað að sveitarfélagið upplýsi ráðuneytið um framvindu málsins.

F.h. ráðherra
Anna Tryggvadóttir



F.h. ráðherra
Hildur Ýr Þórðardóttir

